

LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **20-039F007**

Dags: **19. mars 2020**

Staður: **Þingvallavatn**

Lýsing: **Hlekkist á í landingu og aftur í flugtaki**

Flugmaður flaug flugvél TF-ASK (I.C.P. Savannah S) ásamt farþega frá fisflugvellinum á Hólmsheiði í Landmannalaugar. Var flugvél TF-FUN í samfloti á fluginu.



Á bakleiðinni ákvað flugmaður TF-ASK að lenda á Þingvallavatni sem var ísi lagt. Í landingunni, sem var um klukkan 14:20, skammt frá Sandey, hlekkist flugvélinni á. Á yfirborði íssins var krapí og skemmdist nefhjólíð í landingunni.

Flugmaður TF-FUN hélt áfram leið sinni til Reykjavíkurflugvallar eftir að hafa fullvissað sig um í gegnum fjarskipti að í lagi væri með þá sem voru í flugvél TF-ASK.

Flugmaður TF-FUN tilkynnti ekki flugslysið til lögreglu né RNSA.

Flugmaður TF-ASK tilkynnti heldur ekki flugslysið til lögreglu né RNSA, en hringdi í annan aðila eftir aðstoð og kom sá aðili á vettvang á vélsleða um 3 klst síðar.

Skáru þeir nefhjóllegginn í sundur þar sem hann var skemmdur og komu fyrir röri inni í hjólastellsleggnum og tengdu saman tvo skorna hluti nefhjólleggins. Því næst reyndi

flugmaðurinn að koma flugvélinni á loft á nýju. Fór TF-ASK um 3 metra í flugtaksbruninu áður en nefhjólsluggurinn féll saman að nýju og skemmdist þá loftskrúfa flugvélarinnar.

Því næst reyndu þeir að flytja TF-ASK með aðstoð vélsleða. Samkvæmt vitni sem hafði fylgst með aðgerðunum í gegnum sjónauka, var TF-ASK færð um 20 metra leið af vettvangi áður en hætt var við þá aðgerð. Hringdi vitnið í lögreglu og tilkynni flugslysið og var klukkan þá 18:50. Þá voru um 4,5 klst frá flugslysinu.

Lögregla fór á vettvang og tilkynnti flugslysið til RNSA klukkan 19:58.

Um kvöldið var ísinn metinn ekki nægilega öruggur af hálfu lögreglu til þess að senda björgunarsveitir að ná í flugvélina. Flugvél TF-ASK var sótt út á Þingvallavatn með aðstoð þyrllu tæpum tveimur dögum eftir að henni hlekkist á í landingunni á vatninu.

Flugmaðurinn var í bóklegu atvinnuflugmannsnámi en átti ólokið verklega hlutanum þegar flugslysið varð. Flugmaðurinn hafði um 425.3 flugtíma reynslu, þar af um 303.2 flugtíma á þessa tegund og 113.6 flugtíma síðustu 90 daga fyrir flugslysið.

Það er mat RNSA að aðstæður á Þingvallavatni hafi ekki verið ákjósanlegar til landingar.

TF-ASK er skráð sem heimasíða loftfar, en reglugerð 216/1982 gildir um heimasíði loftfara.

Samkvæmt grein 15.3 í reglugerð 216/1982 um heimasíði loftfara, þá skal viðhald sem ekki er hægt að líkja við skoðun á heimasíðu loftfari (t.d. stærri viðgerðir) og ekki er framkvæmd af flugvélaverkstæði eða öðrum aðila sem loftferðareftirlitið hefur viðurkennt, framkvæmt á þann hátt sem reglugerð 216/1982 ákveður um heimasíðu loftför.

Samkvæmt 4. og 6. grein reglugerðar 216/1982, þurfti aðili sem loftferðareftirlit Samgöngustofu hafði samþykkt að taka verkið út og skýra loftferðareftirlitinu frá álitinu sínu sem og Samgöngustofa að veita samþykki fyrir lofthæfi loftfarsins, áður en reynt var að fara á loft á ný.

RNSA beinir þeim tilmælum til flugmanna að huga að tilkynningaskyldu sinni til RNSA í tilfelli alvarlegra flugatvika og flugslysa. Enn fremur minnir RNSA á að ekki skal hrófla við vettvangi flugslysa og alvarlegra flugatvika, að undanskyldum björgunarstörfum, nema með leyfi RNSA.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 9. júlí 2020.